

1865.

12. okt.

92. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skipti á Víðidalsfjalli og Fremstagili í Engihlíðarhrepp.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 2. þ. m. allramildilegast að leyfa, að Ásgeir Einarsson í Ásbjarnarnesi, sem er eigandi að jörðunni Þingeyrum, sé látinn fá Víðidalsfjall, er svo er nefnt, með sömu mörkum og það var dæmt ríkissjóðnum með hæstarættardómi 18. aprilmán. f. á., í jarðaskiptum fyrir eignarjörð hans Fremstagil í Engihlíðarhrepp í Húnavatnssýslu.

Þetta er yður hérmeð kunngjört, herra amtmáður, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörði ráðstafanir þær, sem þörf er á í þessu efni. Með því að Ásgeir Einarsson hefir með berum orðum áskilið í skjali því um jarðaskipti þessi, er hingað barzt með bræfi yðar 2. maímán. þ. á., að fá fullkomin eignarréttindi yfir fjallendi þessu, þannig að engin önnur jörð geti gjört tilkall til selstöðu, beitarréttis né neins annars ítaks í fjallinu, en aptur er á hinn bóginn sagt í dómi yfirdómsins á Íslandi 11. maímán. 1859, að þessar Þingeyraklausturs jarðir: Sveinastaðir, Hólar, Hólabak, Miðhús, Breiðabólstaður, Hnjúkur og Helgastaðir, eigi sumarselstöðu í fjallinu, eruð þér beðnir um, svo að vissu fáiist fyrir, að ekki komi nein mótmæli af hálfu ábúendanna á jörðum þessum gegn því, að ríkissjóðurinn hefir afsalað sér selstöðunni, að hlutast til um, að þeir lýsi því yfir skriflega, og að sjá um að þegar ábúendaskipti verða á jörðum þessum, þá sé það skýlaust tekið fram í byggingarbræfunum, að þær hafi ekki lengur selstöðu í Víðidalsfjalli.

12. okt.

93. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmanosins yfir Íslandi, um varúðarreglur gegn kóleru.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, hafið sent hingað bréf frá landlækninum á Íslandi, Hjaltalín jústizráði, um að gjöra ráðstafanir gegn því, að kólera flytist til Íslands, hafið

1865.

12. okt.

þær farið þess á leit í bréfi dagsettu 19. f. m., að ef ástæða sé til þess að halda, eða grunur leiki á, þegar íslenzka gufu-póstskipið fer hëðan, að kólera sé í Grangemouth eða nokkurri annari höfn á Skotlandi, er það ætlar sér að koma til, þá sé skipstjóranum boðið að varast að koma þar, og ef að vart hafi orðið við kóleru á skipinu, þegar það kemur til Íslands, eða á leiðinni, þá að gefa vísbending um það með grænu flaggi, er dregið sé upp á stóru siglunni, áður en skipverjar hafi neinar samgöngur við landsmenn. Auk þessa hafið þær beiðzt þess, að yður verði gefin reglugjörð um, hverjar ráðstafanir þær eigið að gjöra í þessu efni á Íslandi, þegar skip fara að ganga að vori.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að með því að vèr höfum fengið vitneskju um það frá utanríkisstjórninni, að kólera hafi ekki enn sem komið er gjört vart við sig í neinni höfn á Skotlandi nè yfir höfuð að tala í neinni höfn á Bretlandi hinu mikla, nema einungis í Southhampton, þá hefir ekki þókt vera þörf á að banna gufuskipinu að koma við í Grangemouth eða annari höfn á Skotlandi, enda hefði það, þegar svona er ástatt, verið gagnstætt samningnum við útgjörðarmennina. Apturámóti hefir verzlunarfélaginu Koch og Henderson verið ritað, að bjóða skipstjóranum á gufu-póstskipinu, ef að kólera samt sem áður gjöri vart við sig á skipinu á leiðinni til Íslands, þá að gefa vísbending um það með grænu flaggi úr siglutoppnum. Þar sem þær, herra stiptamtmaður, hafið spurt um, hverjar ráðstafanir eigi að gjöra á Íslandi, þegar skip fara aptur að ganga að vori, skal yður til vitundar gefið, að með því að lög 10. marzmán. 1852, að því er innanríkisstjórnin hefir sagt í bréfi til stiptamtsins 2. desembermán. 1854, ekki gilda á Íslandi, þá verður um þetta efni að fara þar eptir ákvörðunum þeim, sem gilt hafa hingað til, smbr. umburðarbréf innanríkisstjórnarinnar 5. júlímán. 1851.¹

¹) Umburðarbréfið er svo látandi:

Eptir samkomulagi við stjórnardeild fjárhagsmálanna hefir stjórnardeild innanríkismálanna tekið á hendur stjórn þeirra málefna, er

1865.
12. okt.

Að endingu skal því við bætt, að ef kólera fer í vöxt til muna í vetur, þá mun dómsmálastjórnin hlutast til, samkvæmt bréfi

snerta sóttvarnarhald á Íslandi. Hefir stjórnardeildin þegar áður með bréfi 17. marzmán. 1819 skipað, að sóttvarnarhaldsnefndir þær, er settar voru árið 1831 á stöðum við sjó á Íslandi, skyldi teknar upp aptur, og hefir henni nú þókt hlýða, í framhaldi bréfs þessa að birta sóttvarnarhaldsnefndinni í N. N. ráðstafanir stjórnardeildarinnar til þess að koma sóttvarnarhaldsskipuninni á Íslandi í betra horf, og á hinn bóginn að taka fram nokkrar nákvæmari ákvarðanir og reglur til leiðbeiningar við sýslu þá, er nefndinni er falin á hendur.

Það þykir vafalaust, að tilskipun 8. febrúarmán. 1805 sé gild á Íslandi, því bæði hefir hún verið lögð út á íslensku ásamt reglugjörð þeirri fyrir hafnarleiðsögumenn, er tengd er aptan við hana, og síðar verið birt á þann hátt, sem fyrir er mælt í tilskipun 8. októbermán. 1824, enda má og leiða það út af opnu bréfi 20. janúarmán. 1838. Slíkt hið sama virðist einnig eiga sér stað eptir því hinu sama opna bréfi um hin önnur lagaboð, er snerta sóttvarnarhald og byggð eru á tilskipun 8. febr. 1805, og einkum um opið bréf 28. marzmán. 1832, er ítrekað hefir verið með tveim umburðarbréfum 1. septembermán. 1832 og 13. nóvembermán. 1847 frá sóttvarnarhaldsstjórninni, er þá var. En með því opið bréf 28. marzmán. 1832 hefir ekki verið lagt út á íslensku fyr, hefir stjórnardeildin nú látið semja útlegging þess, og fylgir hún umburðarbréfi þessu, nefndinni til eptirbreytni.

En að því er sérilagi snertir opið bréf 20. júnímán. 1838, þá er þar reyndar ekki með berum orðum nefnd önnur sótt, er nefndin eigi að hafa gætur á, en bólusóttin; en af því sömu ástæður eru til, að eins sé farið með aðrar næmar landsfarsóttir, þótt eigi séu drepsóttir (pestkynjaðar sóttir), er hætt er við, að fluttar kynni að verða til landsins með skipunum, þó eigi komi þau frá neinum þeim stað, er sýktur sé af drepsóttum, þá hefir stjórnardeildinni þókt nauðsyn, að ákveðið yrði, að hina sömu meðferð skuli einnig við hafa við flekkusótt og aðrar þvilíkar næmar landsfarsóttir, er fluttar kynni að verða til Íslands frá öðrum löndum, og virðist næg heimild vera fyrir því í tilskipun 8. febr. 1805 S. gr. c. Stjórnardeildin hefir því borið mál þetta undir konung, og hefir honum þóknazt allramildilegast að ákveða með úrskurði 6. f. m., að sóttvarnarhaldsnefndirnar skuli einnig gefa gætur að flekkusótt og öðrum næmum landsfarsóttum, og að um sóttir þær skuli fara að á sama hátt og fyrir er mælt um bólusótt í opnu bréfi 20. júnímán. 1838. Enn fremur þykir stjórnardeildinni sér skylt að

innanríkisstjórnarinnar til stiptamtsins 17. marzmán. 1849, að utanríkisstjórnin áminni verzlunarfulltrúa Danakonungs í þeim

1865.
12. okt.

geta þess, að það er án efa prentvilla, að skýrskotað er í opnu bréfi 20. júnímán. 1838, eins og það finnst prentað í „Collegialtidenden“ 1838 594. bls. og í Schous ágripi, til 8. greinar í tilskipun 8. febr. 1805 í staðinn fyrir til 7. greinar, eins og sjá má af „Collegialtid.“ 1838 592. bls. Að öðru leyti virðist það af sambandinu milli þessara lagabóða auðsætt, að fara á eftir boði hins opna bréfs 20. júnímán. 1838 eigi að eins við þá fyrstu rannsókn, er gjöra skal samkvæmt 7. grein á skipum þeim, sem eigi eru álitin grunsöm, heldur einnig við rannsókn þá, sem gjöra skal á þeim skipum, sem grunsöm eru talin samkvæmt 10. grein í tilskipun 8. febr. 1805, og ber þessa því nú eptirleidis að gæta, eigi að eins við bólusótt, heldur einnig, eins og þegar var um getið, við aðrar næmar landfarsóttir, þó eigi séu það drepsóttir.

Eftir uppástungu stjórnardeildarinnar hefir konungi enn fremur þóknast með nefndum úrskurði allramildilegast að ákveða, að útgjöldin, þau sem þarf til sóttvarnarhaldsins, skuli, eins og stundum hefir viðgengist áður, greidd úr jafnaðarsjóðum amtanna — og er það sjálfsagt, að til þess þarf úrskurð amtmannsins í hvert skipti — og að af skipi hverju, er lagt verður á aðgæzluhald samkvæmt lagabodum þeim, sem hér að ofan eru nefnd, í höfn nokkurri á Íslandi, þar sem eigi verður komið við verulegu affermingar- og hreinsunarhaldi, skuli fyrst um sinn, þangað til nákvæmari reglur geta orðið ákveðnar um mál þetta, gjalda í ómakslaun það sem hér segir:

- a. fyrir fyrstu vitjun þá eða rannsókn, er skipuð er í tilskipun 8. febr. 1805 10. gr., skal gjalda læknum, eða þeim manni, er rannsakar skipið eptir fyrirlagi sóttvarnarhaldsnefndarinnar, 3 rd. ef skipið er stærra en 50 lesta, 1 rd. 48 sk. ef skipið er yfir 30 og allt að 50 lesta, og 1 rd. ef skipið er 30 lesta eða minna;
- b. fyrir bát þann eða báta, sem eptir beiðni skipráðandans fara til skipsins fram og aptur, meðan á sóttvarnarhaldinu stendur, skal gjalda bátsleigu eptir því sem sanngjarnt er og venja á þeim stað, og skal sóttvarnarhaldsnefndin semja um eða ákveða, hvað mikið það skuli vera;
- c. umsjónarmanni þeim, er settur er út á skipið, skal auk fæðis á skipinu gjalda fyrir dag hvern 1 rd., frá þeim degi er hann kom útá skipið og þangað til hann fer þaðan aptur, og skal telja báða þá daga með;

1865.

12. okt.

löndum, sem siglingar eru milli og Íslands, að leggja ríkt á við skipstjórana, þá er þeir láta þá fá leiðarbréf, að hegða sér eptir ákvörðunum þeim, sem gilda á Íslandi um sóttvarnir, einkum opnu bréfi 28. marzmán. 1832, og bjóða þeim, ef nokkur skipverja verður veikur eða deyr á leiðinni til Íslands, og ekki er óhult um, að það sé ekki kólera, þá að gefa vísbending um það, þegar þeir koma til landsins, með grænu flaggi úr siglutoppnum. Mun hins sama verða gætt, ef þörf gjörist, þegar menn fá leiðarbréf hér.

21. okt.

94. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um styrk handa Haflíða Eyjólfsyni úr Svefneyjum fyrir ferð hans til Björgvinar.

Með því að dómsmálastjórnin hefir veitt Haflíða Eyjólfsyni úr Svefneyjum í vesturumdæminu á Íslandi 200 ríkisdala styrk til þess að borga kostnað þann, er hann hefir haft af dvöl sinni við fiskisýninguna í Björgvín, og til að kaupa fyrir sýnishorn og mótforn af veiðarfærum m. m., er hin heiðraða fjárstjórn beðin að hlutast til um, að fê þetta verði greitt Reinhardt kansellíráði og skrifstofuforingja, er fengið hefir umboð til að taka við því og kvitta fyrir það, úr aðalféhirzlu ríkisins og að það sé tekið af fê því, er til er fært í 9. grein VI C í fjárhagslögunum.

d. Það sem varið er til reykinga meðan á sóttvarnarhaldinu stendur skal greiða eptir reikningi.

Um leið og stjórnardeildin þannig birtir nefndinni þetta, og að öðru leyti væntir þess, að nefndin breyti í öllu eptir því, sem skipað er hér að ofan, og eins eptir reglum þeim og ákvörðunum, er gefnar hafa verið út áður um sóttvarnarhald á Íslandi, skal þess að endingu getið, að stjórnardeildin mun sjá um, að anglýsingar sóttvarnarhaldsstjórnarinnar hér um sýkta stadi verði sendar nefndinni.

Stjórnardeild innanríkismálanna 5. dag júlímán. 1851.

Rosenörn.

Oddg. Stephensen.